



Borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vegna Landsmóts hestamanna sl. sumar***

Á fundi borgarráðs 25. október sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

*Hvað lagði Reykjavíkurborg háa upphæð af mörkum, tæmandi talið, vegna Landsmóts hestamanna sem haldið var í Reykjavík s.l. sumar?*

Svar:

Á fundi borgarráðs 12. júní 2017 samþykkti borgarráð tillögu þáverandi skrifstofustjóra Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar (SEA) um að Reykjavíkurborg eða Gestakort Reykjavíkur eins og það er kallað yrði boðið á 4.000 kr. stykkið samhliða kaupum á aðgangsmiða á Landsmót hestamanna 2018. Fram kom í tillögu skrifstofustjóra SEA að með kaupum á passanum tryggðu gestir Landsmóts sér aðgang að almenningsamgöngum, sundlaugum Reykjavíkur og Listasafni Reykjavíkur. Því má bæta við að passinn tryggir aðgengi að mun fleiri söfnum í Reykjavík, það er að segja að Borgarsögusafni, Þjóðminjasafni, Safnahúsinu og Listasafni Íslands. Auk þess veitir Gestakort Reykjavíkur aðgang að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, Hvalaskoðun Reykjavíkur, Gerðarsafni og Sundlaug Kópavogs. Gestakortið er samstarfsverkefni allra þessara aðila og er haldið utan um kortið á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkur.

Á grundvelli fyrrgreindrar samþykktar borgarráðs var útbúinn Gestakortapakki sem tók mið af þörfum gesta Landsmóts hestamanna. Í hverjum pakka, sem gestum stóð til boða að kaupa á 4.000 kr., voru tvö 72ja tíma kort og eitt 24 tíma kort. Virði slíks pakka er (2 X 6500kr+1 X 3800kr) samtals 16.800 kr en þar sem sölupóknun (15%) var felld niður var raunverð 14.280 kr.

Alls voru seldir 118 slíkir pakkar á Landsmótinu að raunvirði 1.685.040 kr. Hlutdeild borgarinnar í þessari upphæð er 59,5%, eða 1.002.599 kr og hluti samstarfsaðila er 40,5% eða 682.441 kr. Borgin greiddi síðarnefndu upphæðina að fullu til samstarfsaðila. Landsmótið



## Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

greiddi samtals 472.000 kr til borgarinnar og er því mismunur á greiðslu borgar til samstarfsaðila og greiðslu frá Landsmóttinu, alls 210.441kr. Heildareftirgjöf

Reykjavíkurborgar er því um 1,2 mkr, þar af var beinn útlagður kostnaður 210.441. Ólíklegt er að 118 Gestakortapakkar hefðu selst á Landsmóttinu ef ekki hefði verið um tilboð að ræða.

Gestakort v. Landsmóts hestamanna	Gestkortspakki per gest kr:	Fjöldi	Samtals kr:
Landsmótspakki (2x72 tíma + 1x 24 tíma kort)	16.800	118	1.982.400
Söluþóknun (enginn fær greidda 15% söluþóknun)	-2.520	118	-297.360
<b>Raunverð korts</b>	<b>14.280</b>		<b>1.685.040</b>
<b>Uppgjör á Gestakorti v. Landsmótspakka</b>			
Hlutdeild MOF og ÍTR - eftirgjöf borgar (59,5%)	8.497	118	1.002.599
Greiðsla borgar til samstarfsaðila kortsins (40,5%)	5.783	118	682.441
<b>Heildaruppgjör Gestakorts (Landsmótspakka)</b>	<b>14.280</b>		<b>1.685.040</b>
<b>Uppgjör borgar til samstarfsaðila (40,5%)</b>			
Uppgjör borgar til samstarfsaðila (40,5%)	4.000	118	682.441
Greiðsla frá Landsmótti hestamanna	5.783	118	472.000
<b>Mismunur í kr</b>	<b>1.783</b>		<b>210.441</b>
Eftirgjöf borgar vegna tilboðs			1.002.599
Beinn útlagður kostnaður			210.441
<b>Samtals</b>			<b>1.213.040</b>

Arna Schram  
sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs